

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 18. desember 2003.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlun í Bláskógabyggð.

Reykholt í Biskupstungum.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. október 2003 deiliskipulag íbúðarbyggðar í eignarlandi stéttarfélagsins Eflingar í suð-austurhlíð Reykholtis í Reykholti, Bláskógabyggð.

Gert er ráð fyrir 7 parhúsaloðum.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Miðdalur í Laugardal.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. október 2003 breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Miðdals í Laugardal í Bláskógabyggð.

Breytingin felst í endurbyggingu og færslu þriggja orlofshúsa.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 18. desember 2003.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Garðabæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 7.500 á hverja íbúð.

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

Sorphiðurgjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

5. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjalds vera samkvæmt reikningi, fyrir sannanlegum kostnaði.

Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og gildir frá 1. janúar 2004.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 4. desember 2003.

Guðjón E. Friðriksson bæjarritari.

REGLUGERÐ

um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi launagreiðenda á árinu 2004.

1. gr.

Vinnueftirlit ríkisins fær á árinu 2004 í sinn hlut til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með síðari breytingum, 0,048% af gjaldstofni tryggingagjalds, sem er allar tegundir launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnist, sem skattskyld er skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga um tryggingagjald, nr. 113/1990 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi launagreiðenda á árunum 2001 og 2002, nr. 165/2003.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. desember 2003.

Árni Magnússon.

Hermann Sæmundsson.